

Vorfundur í Garðalundi,

22. júní 1990

Ágætu kvennalistakonur!

Í janúar s.l. efndu kvennalistakonur á Akureyri til opins fundar, þar sem ræða skyldi hugsanlegt framboð þá um vorið. Fundurinn var auglýstur opinn öllum þeim sem áhuga hefðu á framboði Kvennalistans. Um 25 til 30 konur mættu á fundinn og voru flestar á því að stefnt skyldi að framboði, margar voru þó ekki tilbúnar til að standa að því sjálfar, en vildu gjarnan geta kosið Kvennalistann.

Sá hópur sem vildi vinna að framboði var ekki stór, um 15 konur, en hann átti eftir að stækka þegar leið nær kosningum. Þessi hópur fór að undirbúa framboð, við leigðum húsnæði á mjög góðum stað í bænum, og byrjuðum stefnuskrárvinnuna af fullum krafti. Við vildum vanda vel til hennar og ljúka henni áður en við stilltum upp á lista. Það er jú stefna Kvennalistans að bjóða fram málefnið fyrst og fremst en ekki persónurnar.

Við vorum harla ánægðar með stefnuskrána *þegar henni var allri lokið*. Ég orða þetta svona því okkar stefnuskrá var mun betur unnin en stefnuskrár annarra flokka, að okkar mati. Við hökkuðum hinar stefnuskrárnar að sjálfsögðu í okkur þegar þær komu út, sumar seint og um síðir. Fljótferni og óvönduð vinnubrögð blöstu víða við og skemmtum við okkur við lestur þeirra, stefnuskrá Sjálfstæðismanna þó öðrum fremur, því þar mátti lesa skemmtilegar málfarsvillur eins og þessi sem fram kom áðan. Það var eitthvað á þá leið að Sjálfstæðismenn voru að hrósa sér af framkvæmdum við höfnina á síðasta kjörtímabili og vitnuðu í lengingu á ákveðnum viðlegukanti og sögðu sí svona að bryggjan yrði 500 metrar þegar henni væri allri lokið.

Og okkur var öllum lokið þegar úrslit kosninganna voru birtar, Sjálfstæðismenn með 4 fulltrúa og við engan. Öll þessi vandaða vinna við stefnuskrána virðist ekki skipta kjósendur neinu máli. Kvennalistinn sem alltaf er að vanda sig, passa nú að láta ekkert frá sér nema að vel ihuguðu máli. Skilar þessi mikla vinna tilætluðum árangri? Kjósendur virðast ekki leggja mikið upp úr því. Kannski er líkt á með þessu komið og heimilisstörfunum, það tekur enginn eftir þeim ef þau eru unnin en þeim mun betur ef þau eru ekki unnin.

Jæja, stefnuskráin var sem sagt tilbúin og við harla ánægðar og snérum okkur að því að raða á lista. 3ja kvenna uppstillinganefnd var komið á fót og skyldi hún raða á lista. Við ræddum fram og til baka um það, út frá hvaða forsendum þessi nefnd ætti að vinna. Hvað okkur þætti mikilvægt að fram kæmi í efstu konunni eða konunum. Þetta stangast náttúrulega á við það sem ég sagði áðan að Kvennalistinn biði fyrst og fremst fram málefni en ekki persónur.

Við erum samt sem áður margar sem ekki eru sammála þessu. Við trúm því að persónan í fyrsta sæti hafi mjög mikið að segja út á við. Eins og ég sagði áðan að þá ræddum við fram og til baka um þá eiginleika sem efstu konur þyrftu að vera gæddar. Þær konur eru náttúrulega ekki auðfundnar, ef þær eru þá til.

Uppstillinganefnd efndi til nokkurs konar skoðanakönnunar á meðal skráðra Kvennalistakvenna á Akureyri, en með ótrúlegum árangri. Aðeins 7 af um 40 konum höfðu sent inn nöfn sem þær vildu sjá á listanum. Ekki einu sinni konurnar sem störfuðu af fullum krafti að undirbúningi kosninganna höfðu fyrir því að senda inn þau 10 nöfn sem uppstillinganefnd bað um frá hverri og einni.

Hópur kvenna sem var á fundi bjó í raun til einn nafnalista. Þetta þótti mér og fleirum ekki lýðræðisleg vinnubrögð og létum það í ljós. Í umræðum kom það síðan fram að þær hefðu nú ekki hugsað svona út í þetta eins og við, þær hefðu verið að tilnefna nöfn og fannst það ekki skipta máli hvort þær gerðu það í hóp eða hver og ein fyrir sig. Á þessu atriði eru skiptar skoðanir og væri gott að fá umræður um það.

Uppstillinganefnd talaði við þær konur sem tilnefndar voru og spurði þær hvort þær vildu vera á lista eða ekki. Sumar höfnuðu því og voru þær þá strikaðar út. Hinum var raðað í stafrófsröð og áttum við að merkja við þau nöfn sem við vildum hafa í 6 efstu sætunum. Þetta áttum við að gera strax, mörgum okkar þótti full hratt unnið og vildum meiri tíma, vildum ræða kosti og galla vissra eiginleika þeirra kvenna sem skipa skyldu fyrstu sætin, t.d. aldur, menntun, reynslu, innfædd eða aðflutt o.s.frv.

En einhvern veginn hafði myndast spenna á milli okkar. Okkur tókst ekki að ræða þessi mál opinskátt, einhver tortryggni hafði grafið um sig. Það komu fram sjónarmið eins og að kvennalistakonur væru menntakonur á miðjum aldri í góðum stöðum og að það væru konurnar í hinum flokkunum líka, við værum alveg eins, við þyrftum unga konu. Þá komu frasar eins og tiskufyrirbrigðið dýrkun á ungu fólki, konur þyrftu að hafa reynslu, en hvernig öðlast maður reynslu ef maður fær ekki tækifæri. Já, að konur ættu nú að fá tækifæri eftir mikil störf undanfarin ár í þágu Kvennalistnas o.s.frv.

Okkur tókst sem sagt ekki að ræða út um þessi mál og við gengum til prófkjörs, því auðvitða er þetta ekkert annað en lokað prófkjör þegar merkja á við 6 nöfn á ákveðnum lista sem við viljum hafa í efstu sætunum. Við vorum um 20 konur sem völdum á listann. Flest atkvæði hlaut Valgerður Magnúsdóttir og á eftir henni kom Lilja Mósesdóttir og síðan ég. Lilja gaf ekki kost á sér í annað sætið, bar fyrir sig miklurn önnurn og einnig það að hún væri tiltölulega nýflutt til Akureyriar og þekkti lítið til.

Ég veit fyrir víst að Lilja var óánægð með vinnubrögð okkar yfirleitt, þótti ekki lýðræðislega að hlutunum staðið. Lilja hefur ekki starfað með okkur síðan og þykir mér það mjög miður, því að mínu mati hefur Kvennalistinn ekki efni á því að missa kvenréttindakonur af raungreinasviðinu, með sérþekkingu á sviðum sem við höfum fæstar, en Kvennalistann vantar.

Jæja, ég tók annað sætið og röðin færðist upp. Við ræddum þessi mál töluvert, sitt sýndist hverri, en okkur tókst þó að hreinsa andrúmsloftið, loftuðum vel út og góður andi ríkir eftir það.

Kosningabaráttan fór seint af stað og var lítið þúður í henni. Haldnir voru tveir útvarps- og einn sjónvarpsfundur, þar sem hver flokkur reyndi sitt besta til að sannfæra kjósendur um ágæti sitt. Einn opinn sameiginlegur fundur allra flokka var haldinn viku fyrir kosningar. Þar mættu frambjóðendur og helstu stuðningsmenn þeirra, varla voru fleiri en 10 manns mættir sem ekki voru flokksbundnir, svo ekki var hægt að snúa mörgum á þeim fundi. Enda hafði einn frambjóðanda það á orði að þetta minnti hann á settarmót, það sem hver sæti sem næst sinni fjölskyldu.

Við skifuðum nokkrar greinar í dagblöðin, gáfum út tvö átta síðna vönduð blöð, sem við bárum út sjálfar í öll hús á Akureyri. Buðum upp á vinnustaðafundi, sem aðeins einn vinnustaður þáði, en það var Háskólinn á Akureyri. Seldum vörur í Portinu, héldum 2 bingó og vorum oft á Torginu með vörur og buðum kaffi með léttu spjalli.

Kosningabaráttan mæddi mest á Valgerði Magnúsdóttur og stóð hún sig mjög vel, aldrei var vart við óánægju með frammistöðu hennar heldur þvert á móti voru konur ánægðar.

Við vorum nokkuð öruggar með að fá að minnsta kosti 1 fulltrúa í nýja bæjarsjórn. Kostningadagurinn rann upp, við hittumst snemma morguns í Húsi Aldraðara þar sem við buðum upp á kosningakaffi. Í gestabókina skrifuðu um 150 manns og við vorum ennþá hinar bjartsýnustu, þar til fyrstu tölur voru lesnar. Þá runnu á okkur tvær grímur og við trúðum ekki eigin eyrum, svo vissar vorum við um ágæti okkar. En eins og ykkur er kunnugt að þá fengum við engan fulltrúa kjörin og okkur er hulin ráðgáta hvers vegna.

Við erum þó ekkert að gefast upp og sem dæmi um það að þá hafði Kvennalistinn forgöngu um það að haldin var útiveisla fyrir konur 19. júní, með þátttöku kvenna allra stjórnmálaflokka.

Við mættum á fyrsta fund bæjarstjórnar og ætlum okkur að fylgjast vel með því sem þar fer fram. Láta bæjarfulltrúana og bæjarbúa vita af okkur, með því að sýna okkur og skrifa greinar í dagblöð.

Við gerum okkur grein fyrir því að Kvennalistinn verður núna að taka sér tak, fara í naflaskoðun og byggja upp af fullum krafti aftur fyrir alþingiskosningarnar næsta vor.